



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis

Mývatnssveit, 9.maí 2019

*Efni: Umsögn um 778. mál, lagafrumvarp um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða*

Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs tók málefni frumvarps um þjóðgarðastofnun til umfjöllunar á fundi sínum 9.maí 2019 og vill í því samhengi koma eftirfarandi á framfæri:

*Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs telur brýnt að efla faglega- og stjórnunarlega umgjörð þjóðgarða og friðlýstra svæða. Ráðið telur tilkomu nýrrar stofnunar sem sinni þessum málaflokkki á landsvísu styrkja til muna þjóðgarða og önnur friðlýst svæði. Svæðisráðið leggur áherslu á nauðsyn þess að stofnunin verði skipulögð þannig að áhrif heimafólks verði tryggð, með sama hætti og nú er í svæðisráðum og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Jafnframt telur svæðisráðið nauðsynlegt að störf innan stofnunarinnar verði á starfsstöðvum þjóðgarða og friðlýstra svæða á landsbyggðinni, rétt er eins og nýlega hefur verið mörkuð stefna um í Vatnajökulsþjóðgarði (sbr. fundargerð stjórnar frá 8.4.2019: <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsvsla/Fundarg-stjorn/129.-fundur-stjornar-8.-april-2019.pdf>).*

Virðingarfyllst, fyrir hönd svæðisráðs norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs,

**Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir**  
Þjóðgarðsvörður  
Norðursvæði, hálendi  
Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn